

210

20. nóv.

S A M Þ Y K K T .

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Árnessýslu, nr. 54 frá 28. júní 1938.

1. gr.

6. töluliður 2. greinar samþykktarinnar orðist svo: Sólheimavegur frá Borg um Eyvík, Sólheima, nálægt Kringlu og Bjarnastöðum á Grímsnesbraut austan Svínvatns.

7. töluliður 2. greinar samþykktarinnar orðist svo: Kiðjabergsvegur frá brúarstæði á Hvítá hjá Kiðjabergi nálægt Mýrarkoti og Fossi á Grímsnesbraut vestan við Höskuldslæg.

Aftan við 2. grein samþykktarinnar komi nýr töluliður, er verði 34. liður, svo hljóðandi:

Þorlákshafnarvegur frá Suðurlandsbraut nálægt Litla-Landi að Þorlákshöfn.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. nóvember 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

211

20. nóv.

S A M Þ Y K K T

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu) í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Innan takmarka Skagafjarðarsýslu skal allur svartbakur réttdræpur og skal honum útrýmt með skotum.

2. gr.

Skylt er hverjum jarðarabúanda að eyða öllum svartbakseggjum og ungum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, er hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur. Vanræki ábúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, varðar það sektum frá 50—300 krónum.

3. gr.

Hreppsnefnd ræður svartbaksskyttur eftir þörfum og skal það gert tafarlaust, þegar samþykkt þessi hefir öðlazzt gildi. Fyrir hvern skotinn svartbak fær skotmaður 40 aur. og greiðir viðkomandi sveitarsjóður skotmanni gjald þetta. Skal skotmaðurinn afhenda oddvita hægri væng fuglsins um leið og hann krefst borgunar, til sönnunar því, að hann hafi drepit fuglinn. Eftir að oddviti hefir greitt gjald þetta, skal hann strax brenna vængjunum.

4. gr.

Oddvitar skulu árlega semja reikning yfir útborgun skotlauna og sé sá reikningur kominn til sýslumanns fyrir 20. janúar árið eftir. Greiðir sýslumaður hluta